



## Ársskýrsla Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum fyrir árið 2009

**Inngangur.** Undanfarin ár hafa ársskýrslur skólans verið í mjög knöppu formi, helst ekki lengri en ein blaðsíða. Það form var tekið upp að ósk menntamálaráðuneytisins á sínum tíma og hefur svosem reynst ágætlega „svo langt sem það nær“. Nú hefur ráðuneytið óskað eftir að ítarlegri grein verði gerð fyrir flestum þáttum skólastarfsins. Það er gert hér á eftir og í stöku tilviki litið aðeins til baka, þar sem þess er þörf. Með skýrslunni er fylgiskjal með svolitlu talnaefni og einnig er rétt að minna á að mikið ítarlegri upplýsingar um skólann eru á heimasíðu skólans [www.fiv.is](http://www.fiv.is)

1. **Nemendur:** Nánast allir nemendur skólans koma úr Grunnskóla Vestmannaeyja og undanfarin ár hafa duglegustu nemendur 10. bekkja fengið að hefja framhaldsnám hjá okkur, í þeim námsgreinum þar sem þeir hafa lokið grunnskólamarkmiðum með tilskyldum árangri. Þetta var því miður, síðasta árið sem menntamálaráðuneytið greiðir fyrir kennslu þessara nemenda og er það stórt skref afturábak, því þetta fyrirkomulag gekk mjög vel og var stór þáttur í meiri metnaði og bættu viðhorfi til menntunar meðal unglinga í Vestmannaeyjum. Annars má segja að skólinn okkar hafi alla tíð tekið inn alla þá nemendur sem sóttu um það nám sem í boði var hverju sinni. Framundan er að forgangsraða nemendum eftir ákveðnum reglum, um leið og fjárframlög eru skorin niður, þannig að gera má ráð fyrir að ekki verði hægt að taka inn alla þá er sækjast eftir skólavist á næstu misserum, en það verður þá í fyrsta skiptið í sögu skólans.

*Skiptingu nemenda á námsbrautir og eftir námsstöðu, á árinu 2009, má sjá í fylgiskjali.*

Nemendur eru í heildina mjög ánægðir í skólanum og líður vel, samkvæmt könnunum sem eru lagðar fyrir reglulega. Lítið sem ekkert einelti er til staðar og skólinn hefur áætlun um viðbrögð ef til þess kemur. Forvarnarfulltrúi starfar í skólanum og skipuleggur forvarnafræðslu.

Foreldrafélag er starfandi, en mætti vera virkara, fulltrúi þess situr skólanefndarfundi. Samstarf við nemendafélagið er gott, en nemendur vilja fjölbreyttara félagslíf, samkvæmt síðustu könnun. Brottfall eða brotthvarf frá námi er nokkuð, enda er nemendahópurinn blandaður. Breyting á nemendafjölda (höfðatölu) frá upphafi annar og fram að prófum er um 12% að meðaltali á árinu 2009.

Stoðkerfi fyrir nemendur á starfsbraut og seinfæra nemendur var eftt á árinu, með því að bætt var við sérkennara í 75 % starf og einum stuðningsfulltrúa í 60 % starf, í upphafi haustannar. Fyrir voru sérkennari og stuðningsfulltrúi, hvor í 80% starfi. Á vorönn voru 2 nemendur á starfsbraut og hjá okkur var einnig einn líkamlega fatlaður nemandi sem þarf stuðning í kennslustundum og við athafnir daglegs lífs. Á haustönn bættust svo við tveir starfsbrautar-nemar og þarf annar þeirra alltaf mann með sér.

- 2. Námið:** Skólinn hefur alla tíð haft það efst á sinni stefnuskrá að bjóða uppá sem fjölbreyttast nám, bóklegt og verklegt. Þetta hefur gengið furðu vel, miðað við stærð skólans, þó að ekki hafi verið hægt að hafa allar námsbrautir alltaf í boði. Sérhæft nám eins og skipstjórn, sjúkraliðanám og grunnnám iðngreina hefur verið í gangi þegar nægilega margir nemendur eru komnir og ýmsir bóklegir áfangar eru í boði öðru hverju, einnig eftir þörfum nemenda. Með góðu skipulagi og langri reynslu hefur þetta gengið vel upp og nemendur ekki tafist í námi. Gott skipulag hefur einnig komið sterkum bóknámsnemendum til góða og nefna má í því sambandi, að af 21 stúdent sem útskrifaðir voru í lok haustannar, luku 14 námi á þremur og hálfu ári og einn á tveimur og hálfu ári. *Nánari upplýsingar um fjölda og skiptingu útskriftarnema eru í fylgiskjali.*

Vegna niðurskurðar á fjárveitingum voru tímabundnar breytingar á námsframboði nauðsynlegar, á skólaárinu sem hófst með haustönn 2009. Ákveðið var að fresta nánast öllum sérgreinum á sjúkraliðabraut og skipstjórnarbraut og innrita ekki nýja nemendur á þessar brautir fyrst um sinn. Undirbúningur að íþróttatengdu námi var í gangi á árinu og hluti uppsafnaðs rekstrar-afgangs var ætlaður í það verkefni, en vegna „furðulegra“ vinnubragða í menntamála-ráðuneytinu, við fjárlagagerð fyrir 2010, voru þessar fyrirætlanir í lausu lofti í árslok. (Sjá kafla 4, um fjármál). Þrátt fyrir þröngan fjárhag, hefur verið leitað leiða til að auka fjölbreytni í námsframboði. Á árinu 2009 var unnið að íþróttatengdu námi fyrir afreksfólk í íþróttum, þannig að það gæti orðið hluti af þeirra námi. Stefnan er að þetta verði í boði haustið 2010. Einnig er komin á samvinna við aðra skóla um sameiginlega áfanga, með kennara á einum stað en nemendur í nokkrum skólum. Samvinna skólans og Nýsköpunarstofu Íslands í Vestmannaeyjum hélt áfram á árinu og er að hluta að færast á háskólastig, í samstarfi við erlenda háskóla (FabAcademy).

Skólanámskrá var sett í endurskoðun á haustönn 2009 og lýkur þeirri skoðun á vorönn 2010. Einnig hefur verið unnið að nauðsynlegum breytingum vegna innleiðingar nýrra framhaldsskólalaga frá því í mars 2009. Búið er að endurskoða áfangalýsingar að hluta og unnið er að endurskoðun á námsbrautum. Ljóst er að gríðarlega mikil vinna er eftir áður en námsáfangar, skipulag og endanleg skólanámskrá verða komin í þann búning er ný lög gera ráð fyrir. Okkar vinna við innleiðinguna er að hluta til, í samstarfi við þrjá aðra framhaldsskóla sem búa við svipaðar aðstæður og við. Það eru Menntaskólinn á Ísafirði, Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra og Verkmenntaskóli Austurlands. Á vorönn fékkst styrkur uppá 2 milljónir til innleiðingavinnunnar og hefur verið unnin áfangaskýrsla vegna þeirra vinnu, en lokaskýrsla kemur á vorönn 2010. Búið er að sækja um framhaldsstyrk, en svar hefur ekki borist. Tvær umsóknir er tengdust innleiðingavinnu voru sendar Sprotasjóði á haustönn en þeim var báðum hafnað.

- 3. Kennsla og stjórnun:** Í árslok 2009 voru 39 starfsmenn við skólann, 19 í fullu starfi, en 20 eru í hlutastöðum, að meðaltali í 47,8% starfi. Við kennslu og stjórnun voru 24, réttindakennarar voru 18, leiðbeinendur 4 og stundakennarar voru 2. Tveir af fjórum leiðbeinendum munu væntanlega fá réttindi á árinu 2010. Þrír af þessum 24 hafa stjórnun að aðalstarfi (skólameistari 100%, aðstoðarskólameistari 77% og áfangastjóri 77%), en kenna einnig svolítið. Af þeim 24 sem starfa við kennslu og stjórnun höfðu 13 kennslutengda yfirvinnu, að meðaltali 8 stundir á viku á haustönn (greidd í 18 vikur/önn). Aðrir starfsmenn eru 9 og í ræstingu eru 6, en aðeins einn úr hópi annara starfsmanna fær að jafnaði greidda yfirvinnu upp 10 stundir á viku, allt árið. Við skólann starfa 20 konur og 19 karlar, en ef litið er á þá 24 sem eru í stjórnun og kennslu, þá eru þar 8 konur og 16 karlar.

Skólinn hefur það meginmarkmið varðandi menntun kennara, að allir hafi góða fagmenntun og réttindi, en það hefur oft verið erfitt að manna litla verknámsskóla á landsbyggðinni eingöngu með réttindafólki. Verulegur árangur hefur náðst í þessum efnum á undanförunum árum, enda hafa skólanefnd og stjórnendur skapað þrýsting og um leið tækifæri fyrir starfsmenn, til að ná sér í tilskilin réttindi. Skólinn hefur einnig beitt sér fyrir hagnýtum námskeiðum fyrir alla kennara og oft alla starfsmenn, einusinni til tvisvar á ári. Önnur áhersluatriði undanfarinna ára eru bætt vinnuaðstaða og góð samvinna starfsfólks. Hvorutveggja hefur gengið vel og miðað við kannanir eru starfsmenn ánægðir með sinn vinnustað, sem birtist meðal annars í lítilli starfsmannaveltu. Skólinn hefur opinbera starfsmannastefnu og jafnréttisstefnu, ásamt viðbragðsáætlun gegn einelti (sjá: fiv.is), en unnið er að umhverfisstefnu, gæðamálum og forvarnastefnu í tengslum við endurskoðun skólanámskrár, sem stendur nú yfir.

Námsmat er í nokkuð hefðbundnum farvegi. Mest vægi hafa skrifleg lokapróf, en nokkrir áfangar hafa símat, án lokaprófs. Verklegt nám er metið jafnóðum og með lokaprófi, þar sem það á við. Þau próf eru bæði skrifleg og verkleg, í sumum tilvikum með sérstökum prófdómurum. Á miðri önn leggja allir kennarar mat á nemendur, svonefnt miðannarmat, sem er skráð í upplýsingakerfið Innu og einnig sent heim til nemenda undir 18 ára aldri. Þetta mat upplýsir nemendur og aðstandendur yngri nemenda um stöðu þeirra í náminu, hvort þau eru að standa sig vel, eða þurfa að herða sig í náminu og þá hvort þau eru jafnvel í fallhættu.

Gæði kennslunnar eru metin af nemendum í kennslumati sem lagt er fyrir í öllum áföngum, á annari til þriðju hverri önn. Kennarar eru hvattir til þátttöku í námskeiðum og endurmenntun og hafa flestir farið í gegnum svonefnt vettvangsnám í sínum greinum á undanförunum árum, nú síðast tungumálakennarar í fyrra og verknámsskennarar á yfirstandandi skólaári (2009-10). Á haustönn var ákveðið að velja nokkra framhaldsskóla, sem hafa farið inn á nýjar brautir með skipulag kennslu og aðrar nýjungar og senda fulltrúa frá okkur (kennara og stjórnanda) í heimsókn, til að afla upplýsinga um það sem vel hefur gengið og annað markvert. Fyrsta heimsóknin var á Hornafjörð og hún skilaði heilmiklu inn í umræðuna í okkar hópi.

- 4. Rekstur og fjármál.** Rekstur skólans var mjög erfiður á árinu 2009 og varð rekstrarhallinn rúmar 12 milljónir, sem er sá mesti í sögu skólans. Halli ársins 2008 var 7,2 milljónir, þannig að uppsafnaður rekstrarafgangur frá fyrri árum er að mestu horfinn. Ástæðan fyrir rekstrarhalla þessa tveggja síðustu ára er ekki eitthvað bruðl í útgjöldum og mannhaldi, heldur sú óútskýrða

ákvörðun menntamálaráðuneytisins að „frysta“ viðmiðunartölu ársnemenda í fjárlagagerð fyrir þessi ár (og 2010 líka), á sama tíma og nemendum var að fjölga talsvert. Uppgjör vegna umframmemenda var svo skert verulega fyrir bæði árin, þannig að þetta vinnulag jafngilti fyrirskipun um hallarekstur, að mati skólans. Skólinn skilaði inn vandaðri nemendaspá fyrir þessi ár eins og önnur, en ekki var tekið tillit til hennar og ekki hefur heldur komið nein skýring á því. Rekstraráætlun þarf eðlilega að miða við fjárlög þannig að rétt er, að fram komi, að áætlun þessara tveggja ára gat enganveginn náð utanum raunverulegan kostnað, munurinn á fjárlögum og raunveruleikanum var einfaldlega of mikill. Fyrir árið 2009 gerðum við þó mjög bjartsýna áætlun um að ná niður yfirvinnugreiðslum og að auka sértekjur skólans. Ekki reyndist raunhæft að skera niður yfirvinnu sem nokkru næmi, því að farin var sú leið að fækka kennurum. Kennslustundum fækkaði milli ára, frá hausti 2008 til hausts 2009 um 80 (15%) þó að nemendur væru jafn margir í upphafi annar. Sértekjur voru 4,4 millj. árið 2008 og í áætlun 2009 settum við okkur það markmið að ná 9 milljónum, en niðurstaðan varð 12,2 milljónir. Munaði þar mest um styrki sem skólinn fékk í ýmis verkefni, sem reyndar kosta líka vinnu. Læt ég hér lokið ársskýrslu FÍV fyrir árið 2009.

Ólafur H. Sigurjónsson skólameistari.

#### Fylgiskjal með talnaefni fyrir árið 2009:

<b>Skipting nemenda eftir brautum</b>			
<b>Braut</b>	<b>Heiti brautar</b>	<b>Fjöldi vor 2009</b>	<b>Fjöldi haust 2009</b>
10.bek	Nemendur í 10 bekk	28	31
AN	Almenn námsbraut	45	22
AN-bók	Almenn námsbraut- bóknámslína		15
AN-ver	Almenn námsbraut- verknámslína		6
FÉ	Félagsfræðibraut	80	96
FT	Félagsmála- og tólmstundabraut.	1	
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	3	1
GR	Grunnnám rafiðna	5	16
HÚ9	HÚSASMÍÐI, samningsb. iðnnám	11	11
MB	Málabraut	8	4

MG	Grunnnám í málm- og véltækni	2	4
NÁ	Náttúrufræðibraut	49	80
ÓTN	Ótilgreint nám	4	2
S30	Skipstjórnarbraut , (S30)		1
SJ	Sjúkraliðabraut	10	14
SK1	Skipstjórnarbraut SB, 45 metra skip	7	14
STB	Starfsbraut	2	4
VB	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	2	2
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	7	4
VI	Viðskiptabraut	5	1
VV1		1	
VV2	Vélstjórnarbraut 2. stig	6	6
VVA	Vélstjórnarnám 1. stig < 750 kW réttindi	4	3
VVB	Vélstjórnarbraut VVB <1500 kW réttindi	15	23

<b>Skipting nema eftir námsstöðu</b>		
<i>Fjöldi lokinna eininga</i>	<i>Vor 2009</i>	<i>Haust 2009</i>
0-20	120	161
21-40	47	63
41-60	39	42
61-80	35	29
81-100	20	31
101-120	22	14
121-140	8	18
141-	4	2

Fjöldi útskrifanema eftir brautum	FÉ	NÁ	VH	SB	SJ	VB	VV2
<i>Vor 2009</i>	3	3		5	2	1	4
<i>Haust 2009</i>	5	15	1				

Fjöldi útskrifanema eftir kyni	KVK	KK
<i>Vor 2009</i>	7	11
<i>Haust 2009</i>	17	4

	Kenndir tímar	Meðalfjöldi nemenda í hóp Allir hópar	Meðalfjöldi í hóp eingöngu bóknám
<b>Haust 2008</b>	535,5	16,7	19,9
<b>Haust 2009</b>	455,5	17,3	22

Fjöldi nemenda í hóp Bóknám og verknám	Fjöldi hópa 2009	Fjöldi hópa 2008
5-10	1	12
11-15	21	23
16-20	13	22
21-25	19	15
26-30	14	8
30-	1	1